

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi í Reykjanesbæ.

Bæjarstjórn Reykjanesbæjar samþykkti á fundi sínum þann 19. júní 2001 tillögu að breytingu á deiliskipulagi íbúðarbyggðar við Framnesveg í Keflavík, Reykjanesbæ.

Í breytingunni felst að á lóðinni Framnesvegur 20-22 er byggingarreit fyrir fjölbýlishús breytt, hann færður sunnar á lóðinni, gert er ráð fyrir einni 6 hæða turnbyggingu með risi og bætt er við byggingarreit fyrir bílageymslu.

Uppdráttur og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Reykjanesbæ, 15. ágúst 2001.

Ellert Eiríksson bæjarstjóri.